

Föstudaginn 10. nóvember 1961.

Nr. 185/1960. **Ingibjörg Magnúsdóttir**

(Sigurður Ólason hrl.)

Ingibjörn Þ. Jónsson og

Árni Jónsson (Magnús Thorlacius hrl.)

Einar Magnússon,

Ari Einarsson,

Dánarbú Egils Pálssonar og

Dánarbú Guðmundar Eyjólfssonar

(Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Miðnesi h/f og skilanefnd Garðs h/f

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

Árna Magnússyni og Berent Magnússyni

(Kristján Guðlaugsson hrl.)

og gagnsök.

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ár-
mann Snævarr.**

Landamerkjамál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi Ingibjörg Magnúsdóttir, eigandi Syðri-Flankastaða, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1960 og krafist, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og landamerki milli Sandgerðis og Syðri- og Efri-Flankastaða verði ákveðin úr svokallaðri Magnúsarvörðu vestan Þjóðvegur og í stefnu 112.5° frá hánorðri (réttvisandi norðri) allt austur að hreppamörkum, og svo að gagnáfrýjendum Miðnesi h/f og skilanefnd Garðs h/f verði dæmt að greiða henni óskipt allan kostnað af landamerkjadóminum og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur Ingibjörn Þ. Jónsson og Árni Jónsson, Efri-Flankastöðum, hafa áfrýjað málinu með stefnu 1. nóvember 1960 og gert þær dómkröfur, að framangreind landamerki

verði ákveðin frá Magnúsarvörðu í austur landsuður að landamerkjum Rosmhvalanesshrepps eftir linunni: „Rétt ASA (FR. ÓL.)“ á hdskj. 35 og að gagnáfrýjendum Miðnesi h/f og skilaneftnd Garðs h/f verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir landamerkjadómi og Hæstarétti.

Aðaláfrýjendurnir Einar Magnússon, Klöpp, Ari Einarsson, Klöpp, Einar Egilsson, Gunnarsbraut 30, Reykjavík, vegna dánarbús Egils Pálssonar, Norður-Flankastöðum, og Guðrún Ólafsdóttir, Arnarbæli, vegna dánarbús Guðmundar Eyjólfsssonar, Arnarbæli, hafa áfrýjað málinu með stefndu 26. nóvember 1960 og krafizt þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið, þeim dæmd sýkna og gagnáfrýjendum, Miðnesi h/f, skilaneftnd Garðs h/f, Árna Magnússyni, Landakoti, og Berent Magnússyni, Krókskoti, verði dæmt óskipt að greiða þeim málskostnað fyrir landamerkjadómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjendurnir Miðnes h/f og skilaneftnd Garðs h/f hafa áfrýjað málinu með stefnu 23. nóvember 1960 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru en því, að aðaláfrýjendur, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ingibjörn Þ. Jónsson, Árni Jónsson, Einar Magnússon, Ari Einarsson, dánarbú Egils Pálssonar og dánarbú Guðmundar Eyjólfsssonar, verði dæmdir til þess óskipt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur Árni Magnússon, Landakoti, og Berent Magnússon, Krókskoti, hafa áfrýjað málinu með stefnu 2. desember 1960 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru en því, að aðaláfrýjendur, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ingibjörn Þ. Jónsson, Árni Jónsson, Einar Magnússon, Ari Einarsson, dánarbú Egils Pálssonar og dánarbú Guðmundar Eyjólfsssonar, verði dæmdir til þess óskipt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, ber landamerkjabréfi Sandgerðistorfu frá 13. júní 1889 og landamerkjabréfi Syðri-Flankastaða frá 17. júní 1889 saman um merkin milli jarðanna frá marki á klöpp neðan til við marbakka um merktan stein á marbakka, eftir skurði að æðarvarpstjörn, þaðan sjónhending að merktri hellu fyrir austan tjörnina og þaðan

í svonefnda Magnúsarvörðu, og er enginn ágreiningur um merkin að Magnúsarvörðu. Um merkin frá Magnúsarvörðu segir í landamerkjabréfi Sandgerðis: „Þaðan sem sama sjónhending ræður til austurlandsuður að landamerkjum Rosmhvalanesshrepps“, en í Flankastaðabréfinu segir einungis um merkin frá Magnúsarvörðu: „Þaðan í austurlandsuður að landamerkjum Rosmhvalanesshrepps“. Landamerkjabréf Sandgerðisjarða greinir landamerkin, svo sem tíðkanlegt hefur verið, sem línu um tiltekin kennileiti og framhald þeirrar línu, unz hún sker merkjalínu þá, sem hún er dregin til. Landamerkjalínan liggur að vísu til austurs, en hún er dregin eftir hinum tilgreindu kennileitum og sem sjónhendingarlína frá þeim, en eigi til „austurlandsuður“, eins og segir í bréfinu, en þetta getur eigi haggað því, að landamerkjalínan er skilmerkilega dregin, miðað við kennileiti, enda getur áttátnan bréfsins stafað af rangri áttaskynjan.

Tilgreining landamerkjabréfs Suður-Flankastaða er ófullkomin á merkjunum frá Magnúsarvörðu, þar sem einungis er greind áttin, en eigi kennileiti, er marki landamerkjalínuna. Verður því að leggja til grundvallar ákvæði landamerkjabréfs Sandgerðisjarða um ákvörðun landamerkjalínunnar eftir kennileitum, enda hefur gildi landamerkjabréfs þessa eigi verið hrundið.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var hinn 29. apríl 1957 sætt á landamerki milli Suður- og Efri-Flankastaða og Norður-Flankastaða, Klappar og Arnarbælis. Samkvæmt merkjaákvörðun þessari lendir heiðarskiki, sem samkvæmt landamerkjabréfi Sandgerðisjarða telst til þeirra jarða, innan lands Klappar. Hvorttveggja er, að landamerkjaákvörðunin frá 29. apríl 1957 bindur eigi gagnáfrýjendur, sem hafa mótmælt henni, og landamerki Klappar og Suður-Flankastaða eru eigi það glögg, hvorki eftir landamerkjabréfi Suður-Flankastaða né landamerkjabréfi Klappar frá 17. júní 1889, að þau fái hrundið ákvæðum landamerkjabréfs Sandgerðisjarða.

Samkvæmt þessu og með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. okt. 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 4. október s.l., er höfðað hér fyrir landamerkjadóminum með stefnu, útgefinni 24. nóvember 1958, af Ingibjörgu Magnúsdóttur, eiganda Syðri-Flankastaða í Miðneshreppi, gegn eigendum Sandgerðislandareignar, Ólafi Jónssyni framkvæmdastjóra f. h. Miðness h/f og Tryggva Ólafssyni framkvæmdastjóra f. h. Garðs h/f.

Dómkröfur stefnanda voru í byrjun þær, að landamerkjalína milli téðra jarða yrði ákveðin í stefnu 112.5° frá réttvísandi norðri frá Magnúsarvörðu og austur að hreppamörkum. Jafnframt sonefnt radarland varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, miðað við þær merkjalínur, sem ákveðnar kynnu að verða, og áskilinn réttur til að endurkrefja eigendur Sandgerðislands um oftekna leigu fyrir undanfarin ár og eftir atvikum ríkissjóð jafnframt. Frá fjárkröfum þessum var fallið undir rekstri málsins, þar sem úrskurður um þær heyrir ekki undir landamerkjádóm, en að öðru leyti eru kröfurnar óbreyttar.

Við þingfestingu málsins 16. desember 1958 gengu inn í það við hlið stefnanda Ingibjörn Þ. Jónsson og Árni Jónsson, eigendur og ábúendur Efri-Flankastaða, en þessar jarðir eiga saman óskipt útland.

Með gagnstefnu, útgefinni 4. maí 1959, stefndu Miðnes h/f og Garður h/f stefnendum í aðalsök og stefndu auk þess inn í málið Agli Pálssyni, eiganda og ábúanda Norður-Flankastaða, þeim Einari Magnússyni og Ara Einarssyni, eigendum og ábúendum Klappar, og Guðmundi Eyjólfsyni, eiganda og ábúanda Arnarbælis, þar sem þeir síðarnefndu gera tilkall til réttinda í Sandgerðislandi, eins og segir í stefnu. Í stað Egils Pálssonar hefur nú komið dánarbú hans. Í aðalsök krefjast gagnstefnendur sýknu, en í gagnsök, að merkjadómur dæmi, að mörk Sandgerðis og Flankastaðajarða séu á klöpp neðan til við marbakka, þaðan að merktum steini á marbakka, þaðan eftir skurði, sem

liggur að æðarvarpstjórninni, þaðan sjónhending að merktri hellu fyrir austan tjörnina, þaðan sjónhending að vörðu, er nefnist Magnúsarvarða, þaðan sem sama sjónhending ræður allt að hinum fornu mörkum Rosmhvalaneshrepps.

Í þinghaldi 27. maí 1960 gengu inn í málið þeir Árni Magnússon, Landakoti, og Berent Magnússon, Krókskoti, en jarðir þeirra eru hluti úr landi jarðarinnar Sandgerðis, og telja þeir sig eiga hlutdeild í óskiptu heiðalandi Sandgerðistorfunnar. Eru dómkröfur þeirra hinar sömu og Miðness h/f og Garðs h/f.

Af hálfu dánarbús Egils Pálssonar, Guðmundar Eyjólfssonar, Einars Magnússonar og Ara Einarssonar er krafist sýknu af kröfum gagnstefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra og Árna og Berents Magnússona.

Málskostnaðarkröfur aðilja eru að öðru leyti sem hér segir: Stefnendur í aðalsök beina málskostnaðarkröfum sínum að Miðnesi h/f og Garði h/f, en stefndu krefjast málskostnaðar úr hendi þeirra í aðalsök og gagnsök, og gera auk þess kröfu til málskostnaðar í gagnsök úr hendi dánarbús Egils Pálssonar, Einars Magnússonar, Ara Einarssonar og Guðmundar Eyjólfssonar eftir mati landamerkjadómsins.

I.

Mál þetta hefur verið rekið samkvæmt II. kafla landamerkjalaga nr. 41/1919. Var gengið á merki með aðiljum 21. september 1959 og aftur 27. maí 1960, en þá var málið flutt og tekið til dóms sama dag. Eftir dómtöku málsins hlutaðist landamerkjadómurinn til um öflun frekari upplýsinga, einkum að því er varðaði landamerki annarra jarða í Miðneshreppi, og var málinu frestað á meðan. Það var síðan dómtekið á nýjan leik 4. október s.l., eftir að aðiljar höfðu reifað mál sitt að nýju.

II.

1. Landamerki þau, sem um er deilt í máli þessu, eru heiðamörk milli Syðri-Flankastaða og Efri-Flankastaða í Miðneshreppi annars vegar og Sandgerðisjarða í sama hreppi hins vegar. Dómkröfur sínar byggja eigendur Flankastaða á landamerkjabréfi fyrir jörðina Suður-Flankastaði, dags. 17. júní 1889. Bréf þetta er þinglesið á manntalsþingi fyrir Miðneshrepp á Skaga 18. júní 1889. Þar segir svo um hin umdeildu mörk: „Fjöru- og heiðamörk, að sunnan á klöpp neðan til við marbakka er mark, þaðan liggja mörkin að merktum steini á marbakka, þá eftir skurði,

er liggur að æðarvarpstjórninni fyrir sunnan „Varp-Hólma“ jarðarinnar. Þaðan sjónhending að merktri hellu fyrir austan áminnstan skurð, þaðan að Magnúsarvörðu, þaðan í austur landsuður að landamerkjum Rosmhvalaneshrepps“ Umráðandi jarðarinnar er í bréfi þessu talinn Helgi Sigurðsson, Kirkjuvogi, en eigandi madm. Halldóra Brynjólfsdóttir Sívertsen í Kirkjuvogi. Samþykka merkjalýsingu þessari tjá sig „eigendur í kringum liggjandi jarða“. Fyrir jörðina Norður-Flankastaði, M. B. Stefáns-son, Klöpp, Einar Sveinbjarnarson og Sv. Þórðarson fyrir jörðina Sandgerði.

Enginn ágreiningur er um merkin frá fjöru að Magnúsarvörðu, en um stefnuna þaðan greinir aðilja mjög á.

Eigendur Suður- og Efri-Flankastaða telja, að áttartáknarnir í bréfi Suður-Flankastaða sé algerlega ákvarðandi um stefnu landamerkjanna. Hafa þeir lagt fram vottorð sérfróðra manna, Ágústs Böðvarssonar landmælingamanns, Jóns Eypórssonar veðurfræðings, Gunnars Bergsteinssonar sjómælingamanns og Péturs Sigurðssonar sjóliðsforingja, er allir skýra áttartáknanina austur landsuður sem stefnu mitt á milli háausturs og suðausturs, eða 112.5° frá hánorðri.

Samkvæmt þessu telja aðalstefnendur, að hin umdeilda merkjalína eigi að brotna um Magnúsarvörðu í stefnu réttvísandi austsuðaustur, sbr. dskj. nr. 35, línuna Rétt ASA, og dskj. 39.

2. Eigendur Sandgerðis, Landakots og Krókskots reisa sínar kröfur á landamerkjabréfi frá 13. júní 1889 fyrir jarðirnar í Sandgerðishverfi. Bréf þetta er þinglesið á sama manntalsþingi og fyrrgreint landamerkjabréf fyrir Suður-Flankastaði eða 18. júní 1889. Þar eru mörk Sandgerðis og Suður-Flankastaða tilgreind svo: „Að norðan á Klöpp neðan til við marbakka er mark, þaðan að merktum steini á marbakka, þaðan eftir skurði, sem liggur að æðarvarpstjórninni, þaðan sjónhending að merktri hellu fyrir austan tjörnina, þaðan sjónhending að vörðu, er nefnist Magnúsarvarða, þaðan sem sama sjónhending ræður til austur-landsuðurs, að landamerkjum Rosmhvalaneshrepps.“ Eigendur jarðanna eru taldir í bréfinu: Sveinbjörn Þórðarson, Einar Sveinbjarnarson, Jón Sveinbjörnsson, Magnús Eyjólfsson, Helgi Sigurðsson og Chr. Duus. Niðurlag landamerkjabréfsins hljóðar svo: „Framanskriðuðu samþykkir eigendur og umráðamenn til hliðar liggjandi jarða Helgi Sigurðsson, Páll Pálsson.

Fyrir hönd Snorra Snorrasonar

Páll Bergsson, Björn Finnsson.

Fyrir hönd Margrétar Gunnarsson

Þórður J. Thoroddsen.

Fyrir hönd verzlunarhússins H. P. Duus í Keflavík

Jón Gunnarsson . . .“

Eigendur Sandgerðisjarða telja, að áttartáknanir í landamerkjabréfinu séu aðeins til leiðbeiningar um áttina, en tákni ekki nákvæma stefnu. Merкта hellan og Magnúsarvarða séu ágreiningslaus kennimerki, og sé ljóst af orðalaginu „sama sjónhending“, að merkin séu bein frá hellunni um Magnúsarvörðu allt að hreppamörkum. Þá telja þeir og landamerkjabréf Sandgerðis glegggra og ýtarlegra, líkur séu fyrir því, að merkin séu bein og að orðin, „sem sama sjónhending ræður“ muni hafa fallið niður úr bréfi Suður-Flankastaða, er ætla megi að sé ritað eftir eldra bréfinu. Þá telja þeir og, að miðað hafi verið við seguláttir, en ekki réttar áttir, og hafa lagt fram uppdrátt, sem Friðrik Ólafsson skólastjóri hefur markað inn á segul ASA árið 1889, dskj. nr. 35.

Af hálfu eigenda Flankastaðajarða er því hins vegar haldið fram, að áttirnar hafi verið miðaðar við sólaráttir, að óþarft hafi verið að tilgreina áttina, ef sama sjónhending hefði átt að ráða frá Magnúsarvörðu, að eldra bréfið eigi að víkja fyrir því yngra, að eigandi Suður-Flankastaða hafi ekki samþykkt Sandgerðisbréfið og Helgi Sigurðsson ekki haft umboð frá honum, að eigendur Sandgerðis, Einar Sveinbjörnsson og Þórður Sveinbjörnsson, hafi með samþykki sínu á merkjalýsingu Suður-Flankastaða 17. júní 1889 fallizt á, að merkjalýsing Sandgerðisjarða frá 13. sama mánaðar væri röng, og loks að orðið „sama“ í „sama sjónhending“ sé innskot uppskrifara.

III.

Þá skulu raktir framburðir vitna og aðilja málsins. Bræðurnir Árni Magnússon, Landakoti, 73 ára, og Berent Magnússon, Krókskoti, 69 ára, bera báðir, að alla þá tíð, er þeir muni, hafi landamerkjalýsing Sandgerðis frá 13. júní 1889 verið talin rétt, og merkin miðuðust við beina línu. Menn þessir hafa alið allan sinn aldur í Miðnesi, og var Árni eigandi og ábúandi Norður-Flankastaða á árunum 1912—1918. Þeir eru báðir aðiljar að máli þessu, og hefur framburði þeirra verið mótmælt.

Vitnið Guðni Jónsson skipstjóri, Breiðabliki, Sandgerði, 54 ára, hefur borið það sama og fyrrgreindir bræður. Vitnið kom þriggja ára gamall að Suður-Flankastöðum og átti þar heima til ársins

1942, er hann seldi Ingibjörgu Magnúsdóttur, aðalstefnanda máls þessa, jörðina og fluttist til Sandgerðis. Hann hafði keypt jörðina að föður sínum látnum 1926 eða 1927. Kveðst hann ekki hafa séð annað landamerkjabréf en það, sem tekið er upp úr dskj. nr. 32, þ. e. Sandgerðisbréfið. Vitnið er skipstjóri á Muninn, GK 342, eign Miðness h/f. Hefur framburði hans verið mótmælt sem röngum og vilhóllum af umboðsmönnum aðalstefnanda.

Vitnið Bergur Sigurðsson verkstjóri, Bæjarskerjum, 43 ára, fluttist til Sandgerðis árið 1940 og hefur verið starfsmaður Miðness h/f síðan 1942, hefur borið, að frá því að hann fyrst fór að þekkja til í Sandgerði, hafi hann ávallt heyrt, að merkin milli Sandgerðis og Suður-Flankastaða væru úr merktri hellu við æðarvarpstjörnina bein lína um Magnúsarvörðu og upp í hreppamörk. Vitnið hefur haft með höndum verkstjórn fyrir Miðnes h/f, m. a. með fiskbreiðslu og skreiðarþurrkun, er farið hefur fram í heiðarlandinu. Framburði þessa vitnis hefur og verið mótmælt á sömu forsendum og vitnisins Guðna.

Hinn 8. september 1953 fóru þeir Zóphónías Pálsson skipulagsstjóri og Benedikt Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður suður í Sandgerði í því skyni að athuga um merki milli Flankastaða og Sandgerðis. Fór athugun þessi fram vegna lands, er varnarliðið taldi sig þurfa undir radarstöð í Miðnesheiði. Fengu þeir Ingibjörn Þ. Jónsson, Efri-Flankastöðum, til þess að sýna sér þau kennileiti, er hann teldi ráða merkjum. Benti hann þeim á vörðu nokkur hundruð metra austan við veginn uppi í heiðinni, er hann kvað vera Magnúsarvörðu. Zóphónías Pálsson mældi síðan stefnu frá stað vestan vegarins, beina línu um þessa Magnúsarvörðu og upp í hreppamörk. Sú lína, sem þannig var dregin, reyndist vera rétt norðan við land það, sem taka átti undir radarstöðina. Kemur hún fram á dskj. nr. 11, 29 og 47.

Vitnið Benedikt Sigurjónsson kveðst hafa haft meðferðis afrit af merkjalýsingu frá 1889, dskj. 17 fremur en dskj. 2, að hann taldi. Hann kveður markalínuna hafa átt að vera úr hellunni í tjarnarvikinu, bein lína um Magnúsarvörðu, og áfram sama sjónhending. Vitnið minnst þess ekki, að nokkuð hafi verið minnzt á, að merkjalínan ætti að liggja í austurlandsuður.

Vitnið Zóphónías Pálsson kveðst við staðsetningu landamerkjanna eingöngu hafa farið eftir tilsögn Ingibjörns, en ekki eftir merkjalýsingunni, sem Benedikt hafði meðferðis.

Vitni þessi voru ýtarlega samprófuð við Ingibjörn Þ. Jónsson, Efri-Flankastöðum, en samræmi náðist ekki í framburði þeirra

og hans. Ingibjörn kannaðist við að hafa sýnt vitnunum Magnúsarvörðu, sem hann þá hélt að væri austan vegarins, en ekki vestan, eins og allir eru nú sammála um. Hins vegar hafi hann ekki sagt, að staðurinn, sem mælingin var gerð frá vestan vegarins, væri í mörkum né að sjónhending réði frá Magnúsarvörðu upp heiðina, en minnti, að hann hefði sagt þeim, að áframhald merkjalínunnar ætti að vera í austur-landsuður.

IV.

1. Hinn 29. apríl 1957 var gengið á merki milli Suður- og Efri-Flankastaða og Norður-Flankastaða, Klappar og Arnarbælis, sem eru í næsta hverfi norðan við fyrst nefndar jarðir. Mörk þau, sem þá voru ákveðin, stefna það mikið til suðurs, að þau skera heiðamörkin milli Sandgerðis og Suður-Flankastaða, sem eigendur Sandgerðis halda fram sem réttum, sbr. línuna A—B á dskj. nr. 35 og línuna Suður-Flankastaðir—Norður-Flankastaðir á dskj. nr. 29.

Efsti merkið frá sjó, sem tilgreint er í landamerkjalyýsingu fyrir Klöpp frá 17. júní 1889, er svonefnd Efri-Ósvarða, sbr. dskj. nr. 37. Í bréfi þessu er hliðstætt orðalag og í landamerkja-bréfi Sandgerðis, því að þar segir, að „... frá Efri-Ósvörðu eru heiðamörkin, sem sama sjónhending ræður, til austurs að landamerkjum Rosmhvalaneshrepps“. Hér er bæði áttartáknan og mið við tvö merki, en í þessu tilviki voru aðiljar sammála um að ákveða merkin eftir sjónhendingarstefnu, en ekki nákvæmari áttartáknan. Eitt mark á Klöpp, LM, fannst ekki, og Ingibjörn P. Jónsson og aðra aðilja, sem stóðu að merkjagerð þessari, greindi í byrjun á um staðsetningu Efri-Ósvörðu.

Eigendur Sandgerðis voru ekki tilkvaddir, er mörk þessi voru ákveðin, og hafa þeir mótmælt þeim.

2. Lagður hefur verið fram í málinu uppdráttur af flugvallarsvæðinu við Keflavík, dskj. nr. 47 og 49, er gerður var vegna eignarnáms flugvallarsvæðisins 1944. Á þenna uppdrátt er mörkuð skipting heiðarinnar á svæði þessu milli jarða í Miðneshreppi.

Þá var og Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri fenginn til þess að athuga og setja inn á kort suðurmörk jarða í Kirkjubólshverfi, sem er nyrzta hverfið í Miðneshreppi, dskj. 47 og 48. Í skýrslu um athuganir hans, dskj. nr. 42, kemur fram, að aðeins eitt merki í þessari merkjalínu varð örugglega staðsett, þ. e. mark á klöpp, LM, en um hin tvö, Sóknarskiptavörðu og mark á Klaufaskeri, ríkir nokkur óvissa. Þær upplýsingar, sem aflað hefur verið um

landamerki annarra jarða á þenna hátt, hafa að sjálfsögðu takmarkað gildi, en tala þó sínu máli. Þær sýna, að skipting heiðarinnar á milli hinna einstöku jarða er mjög misjöfn og stefna merkjanna mismunandi. Virðist svo sem landsvæðið utan heimahaga jarðanna hafi ekki verið talið skipta miklu máli fyrr á tímum.

3. Hin umdeildu landamerkjabréf Suður-Flankastaða og Sandgerðis voru bæði þinglesin á sama manntalsþingi 18. júní 1889, eins og fleiri merkjabréf í sama hreppi. Má ætla, að manntalsþing þetta hafi verið vel sótt af búendum, er hagsmuna höfðu að gæta í sambandi við merkjagerð þessa. Ekki verður séð, að neinar athugasemdir hafi komið fram á manntalsþinginu um ósamræmi bréfanna. Það virðist því augljóst, að þau hafa ekki verið talin fara í bága hvort við annað, enda er orðalag þeirra svo líkt, að ætla má, að merkjalýsingarnar séu samdar af sömu mönnum. Það virðist ekki vera fyrr en nú á síðustu árum, að hafizt er handa um málarekstur þenna, að farið er að skýra bréfin sitt með hvorum hætti.

4. Í málinu hafa komið fram líkur fyrir því, að það hafi verið almenn skoðun þeirra, sem til þekktu, að merkin milli jarðanna væru bein frá merktu hellunni um Magnúsarvörðu og upp í hreppamörk. Af framburði Guðna Jónssonar skipstjóra, sem ekki er við mál þetta riðinn, sézt, að hann leit þannig á.

Framburður vitnanna Benedikts Sigurjónssonar og Zóphóníasar Pálssonar, er fóru beinlínis í þeim tilgangi að kynna sér hin umdeildu mörk, sýnir einnig, að þeir hafa skilið Ingibjörn P. Jónsson þannig, að merkjalínan brotnaði ekki um Magnúsarvörðu. Allar líkur benda og til þess, að Ingibjörn P. Jónsson hafi vitað um það, í hvaða skyni vitnin voru að spyrjast fyrir um merkin 8. september 1953.

5. Það er alkunn staðreynd, að áttarskynjan manna er mjög ólík, jafnvel hjá þeim, sem búa á sömu slóðum. Það er því ekki sennilegt, að áttartáknan landamerkjabréfanna hafi verið ætlað að tákna nákvæma stefnu, heldur sé hún aðeins til almennrar leiðbeiningar um áttina. Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á dæmi þess, að landamerkin hafi verið ákveðin með nákvæmri áttartáknan. Algengast er að miða landamerki við tilgreinda staði eða kennileiti og þá oft talað um sjónhendingu milli merkja og sömu sjónhendingu áfram eða beina línu, þegar merkjum sleppir. Kemur þetta bæði fram í landamerkjabréfi Klappar og Suður-Flankastaða. Það er því algerlega í samræmi við þessa

reglu, sem Sandgerðisbréfið ákveður hin umdeildu merki sem sjónhendingu frá merktu hellunni að Magnúsarvörðu og þaðan sömu sjónhendingu upp í hreppamörk.

Merkjalýsing Sandgerðis frá 13. júní 1889 og merkjalýsing Suður-Flankastaða verða því samkvæmt framansögðu ekki taldar fara í bága hvor við aðra, en þar sem sú fyrrnefnda er gleggri, varðandi það atriði, sem um er deilt, og ákvæði hennar í samræmi við það, sem venjulegt er og eðlilegt verður talið um ákvörðun landamerkja, ber að fara eftir henni. Merкта hellan og Magnúsarvarða eru, eins og áður greinir, þekkt og óumdeild merki.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða máls þessa sú, að taka ber til greina kröfur eigenda Sandgerðisjarða og staðfesta landamerkjalyýsingu Sandgerðis frá 13. júní 1889, að því er varðar merki milli Sandgerðis og Suður-Flankastaða. Landamerkin á þrætusvæðinu séu bein lína úr merktri hellu fyrir austan tjörnina og sama stefna um Magnúsarvörðu og upp í hreppamörk.

Eftir atvikum þykir rétt, að eigendur Sandgerðisjarða, Miðnes h/f og Garður h/f, og eigendur Suður- og Efri-Flankastaða, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ingibjörn og Árni Jónssynir, greiði kostnað málsins, kr. 2950.00, og þóknun til dómenda, kr. 7.500.00, að hálfu hvor, en málskostnaður falli niður að öðru leyti.

Dóm þenna kvað upp meirihluti landamerkjadómsins, Jón Finnsson og Einar Halldórsson.

Því dæmist rétt vera:

Landamerkjalyýsing Sandgerðis frá 13. júní 1889 um merki milli Sandgerðis og Suður-Flankastaða staðfestist. Merkin á þrætusvæðinu eru bein lína úr merktri hellu fyrir austan tjörnina og sama stefna um Magnúsarvörðu og upp í hreppamörk.

Eigendur Sandgerðis, Miðnes h/f og Garður h/f, og eigendur Suður- og Efri-Flankastaða, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ingibjörn Þ. Jónsson og Árni Jónsson, greiði kostnað málsins, kr. 2950.00, og þóknun til dómenda, kr. 7.500.00, að hálfu hvor, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Guðmanns Magnússonar samdómanda.

Þær upplýsingar, sem aflað hefur verið í málinu um heiðamörk jarða í Miðneshreppi, sýna, að flestar merkjalínurnar

stefna nokkuð í suður, en mismunandi mikið. Undantekningar eru þar syðstu merkin, milli Hvalsness og Stafness, auk merkja þeirra, sem eigendur Sandgerðis halda fram.

Í merkjalínuna milli Suður- og Efri-Flankastaða og Norður-Flankastaða, Klappar og Arnarbælis, eins og hún var ákveðin við áreið þessara aðilja 29. apríl 1957, vantar að vísu merktu klöpp, en ekki eru miklar líkur til, að hún myndi breyta miklu, þótt hún fyndist, þar sem hún virðist samkvæmt landamerkjabréfi Klappar eiga að vera í sjónhendingarlínu milli tveggja staða, sem fyrrgreindir aðilar eru sammála um. Þá er stefna suðurmarka Kirkjubólshverfisjarða, eins og þau voru staðsett af Sigurgeir Guðmundssyni, dskj. nr. 48, 0.98° og 103° frá réttvísandi norðri.

Séu þannig norðurmörk Suður- og Efri-Flankastaða nærri réttu lagi og krafa eigenda Sandgerðis yrði tekin til greina, myndi af því leiða, að land fyrrnefndra jarða næði ekki upp í hreppamörk, en það fengi að mínum dómi ekki staðizt. Jafnvel þótt fyrrnefnd merki milli Klappar og Flankastaðajarða reyndust við frekari athugun vera eitthvað norðan við þau mörk, sem eigendur Sandgerðis halda fram sem réttum, myndi útland Suður- og Efri-Flankastaða verða óeðlilega lítið, samanborið við útland Sandgerðisjarða og annarra jarða í Miðneshreppi. Þar sem landamerkjabréf Sandgerðis og Suður-Flankastaða eru ekki samhljóða um stefnu merkjanna frá Magnúsarvörðu, og ekki verður úr því skorið nú, hvernig þeir, sem bréfin sömdu, hefðu brugðizt við, ef þeim hefði verið þetta ósamræmi ljóst, þá tel ég, að ákveða beri merkin þannig, að hlutdeild Suður- og Efri-Flankastaða í heiðarlandinu verði í sem mestu samræmi við hlut Sandgerðisjarða, miðað við hundraðatal.

Samkvæmt þessu ber að ákveða hin umdeildu merki í austur landsuður frá Magnúsarvörðu eða í stefnu 112.5° frá réttvísandi norðri frá Magnúsarvörðu og upp í hreppamörk. Ég er sammála meirihluta dómsins um málskostnaðarákvæði og þóknun til dómenda.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Landamerki á hinu umdeilda svæði eru frá Magnúsarvörðu í austur landsuður eða í stefnu 112.5° frá réttvísandi norðri upp í hreppamörk. Eigendur Sandgerðis, Miðnes h/f og Garður h/f, og eigendur Suður- og Efri-Flankastaða, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ingibjörn Þ. Jónsson og Árni Jónsson, greiði kostnað málsins, kr. 2.950.00, og þóknun til dómenda, kr. 7.500.00, að hálfu hvor.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. nóvember 1961.

Nr. 164/1960. **Hersteinn Pálsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn

Osta- og smjörsölunni s/f og gagnsök
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Meiðyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1960. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 13. október 1960. Eru kröfur hans þessar: 1. Að ummæli þau, sem í stefnu til héraðsdóms greinir, verði ómerkt. 2. Að aðaláfrýjanda verði dæmd þyngsta refsing, sem lög leyfa, fyrir ummælin. 3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt skylt að birta dóm Hæstaréttar ásamt forsendum hins áfrýjaða dóms í fyrsta eða öðru tölublaði „Vísis“, sem út kemur eftir birtingu dómsins fyrir aðaláfrýjanda. 4. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hin umstefndu ummæli, lesin í samhengi, gefa til kynna misferli af hálfu gagnáfrýjanda um meðferð á vöru þeirri, sem hann hafði til sölu. Hefur aðdróttun þessi ekki verið réttlætt, og varðar hún við 235. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu, ómerkingu ummæla og greiðslu málskostnaðar í héraði, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Þá ber og að staðfesta